



Æskulýðsskýrsla Spretts 2020-2021

*Hestamannafélagið Sprettur
Garðabæ og Kópavogi*

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Frá formanni Spretts	3
Æskulýðsnefnd	4
Stefnumótunarvinna og starfið mótað	5
Útreiðartúrar	7
Fatnaður og fjáröflun	8
Fræðsla og uppbygging	8
Knapamerki	8
Pollanámskeið	9
Þjálfun fyrir börn, unglinga og ungmenni	9
Þjálfun og keppni	9
Námskeið opin öllum félagsmönnum	10
Æskan og hesturinn	10
Unga fólkið í keppni	11
Vetrarleikar og firmakeppni	11
Æfingamót fyrir gæðingakeppni	12
Reiðmennskubikar til yngri knapa	12
Viðurkenning fyrir árangur í keppni	13
Barnaflokkur	13
Unglingaflokkur	13
Ungmennaflokkur	14
Félagshesthús	15
Ráðning yfirþjálfara	16
Starfslýsing	16
Lokaorð	18
Viðauki 1	19
Æskulýðsmál í Spretti 2020 - skýrsla	19

Frá formanni Spretts

Eitt það mikilvægasta og jafnframt skemmtilegasta við starfið hjá okkur eru æskulýðsmálin. Við Sprettarar erum það heppnir að æskulýðsnefnd félagsins samanstendur af ákaflega áhugasömu og öflugum fólki. Það er algjörlega ómetanlegt fyrir okkur í stjórn félagsins að hafa slíka nefnd í félaginu. Hefur það auðveldað okkur að taka ákvarðanir í málum sem snúa að æskunni og var mikill metnaður lagður í öflun gagna til að koma til móts við þetta unga framtíðarfolk félagsins. Æskulýðsnefndin stóð fyrir mjög góðri könnun á meðal félagsmanna en það var ótrúlega margt gott og gagnlegt sem kom þar fram. Einnig margt sem kom verulega á óvart. Þetta auðveldar félaginu alla stefnumótun. Tekin var ákvörðun um að ráða yfirþjálfara til félagsins og teljum við það mikla framför. Það að hafa öflugar nefndir í félaginu er alveg ómetanlegt og auðveldar allt starf félagsins. Stjórn Spretts mun eftir sem áður kappkosta við að styðja við og vinna með æskulýðsnefnd félagsins sem og öðrum nefndum sem vinna gott starf hjá okkur.

Sverrir Einarsson formaður Spretts

Æskulýðsnefnd

Síðastliðið ár einkenndist af takmörkunum og vandanum sem fylgir því að geta ekki stefnt saman börnum og foreldrum þeirra á hvers kyns viðburði en æskulýðsnefnd lítur hlutverk sitt sem slíkt að nefndin eigi að efla tengsl milli ungra sprettara og veita þeim tækifæri til samskipta og aukinnar þekkingar með viðburðum og fræðslu.

Nefndin ákvað að reyna að nýta árið vel í að byggja upp starfið í Spretti til framtíðar og leggja orku og krafta í það, þar sem ljóst var að ekki yrði hægt að halda uppi öllu því starfi sem við hefðum viljað. Þó voru gerðar nokkrar tilraunir til að halda hefðbundnar samkomur en margar þeirra féllu niður vegna skyndilegrar breytinga á sóttvarnareglum þegar til kom.



Árið hefur þó verið gjöfult í samstarfi nefndarinnar við aðrar nefndir og stjórn og útkoman er sú að við horfum björtum augum til komandi vetrar og leiðin liggur upp á við hjá unga fólkinu í Spretti.

Fulltrúar æskulýðsnefndar 2020 - 2021

Formaður: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir

Anna Kristín Kristinsdóttir

Auður Björgvinsdóttir

Guðrún Pálína Jónsdóttir

Þórunn Hannesdóttir

Stefnumótunarvinna og starfið mótað

Í upphafi vetrarins var hugmyndin að halda stóran fund með ungum Spretturum og foreldrum til að hlusta á raddir félagsmanna og forma starfið sem framundan var. Eftir að smitum fór fjölgandi aftur var tekin ákvörðun að breyta planinu og hafa rafræna könnun meðal félagsmanna um viðhorf og skoðanir til æskulýðsmála félagsins. Könnunin var lögð fyrir í október 2020 og voru niðurstöður kynntar stjórn. Eftir kynninguna var tekin saman skýrsla sem gerð var opinber á vefsíðu Sprettis og niðurstöður auglýstar á facebook síðu félagsins.

Könnunin innihélt eftirfarandi spurningar:

- Hvaða leiðir telur þú heppilegar til að auka samskipti milli barna, unglinga og ungmenna í Spretti?
- Hvers konar námskeið eða fræðslu myndir þú vilja að Sprettur bjóði upp á fyrir börn, ungmenni og unglinga? (endilega komið með fleiri en eina hugmynd).
- Hvernig viðburði myndir þú vilja sjá Sprett bjóða upp á fyrir börn, unglinga og/eða ungmenni? (endilega komið með fleiri en eina hugmynd, hugmyndirnar mega vera ólíkar eftir aldurshópum)
- Myndir þú vilja að félagið stæði betur að einhverjum málum varðandi börn, unglinga og ungmenni í Spretti? Ef já þá hverju?

Einnig var gefin möguleiki á að koma fleiri atriðum á framfæri. Svör voru lykluð og þemagreind og niðurstöður sýndu að fyrirferðarmest voru atriði sem á einn eða annan hátt tengdust eftirfarandi atriðum:

- Heildstæðri stefnu og starfi í anda annarra íþróttafélaga
- Hafa yfirþjálfara og heildræna hugsun með fjölbreyttum leiðum til þjálfunar og markmiðssetningar.
- Hafa vettvang til að hittast og kynnast bæði með hesta og án.
- Sameiginlegir reiðtúrar voru mikið nefndir.
- Mikilli áherslu á keppni og keppnismennsku í starfi félagsins var lýst.

Þátttaka í könnun var ágæt en á svörum var ljóst að það voru þeir félagsmenn sem töldu sig þurfa frekari stuðning félagsins sem svöruðu. Mikið var kallað eftir frekari stuðningi við minna vana knapa. Á svörum mátti einnig greina gjá sem viss hópur upplifir, milli þeirra sem stunda sína íþrótt sem skipulagða keppnisíþrótt og þeirra sem eru að stíga

sín fyrstu skref eða hafa ekki aðgang að hestum sem hægt er að keppa á í hefðbundnum hringvallargreinum.

Skýrslu til félagsmanna um niðurstöður má finna hér í viðauka ásamt niðurstöðum.

Í áframhaldandi stefnumótunarvinnu var reynt að tengja þær hugmyndir sem þarna komu fram við það starf sem fyrir er í Spretti og hefur gefist vel. Sumt var hægt að setja strax í framkvæmd en annað þarf lengri tíma.

Þau atriði sem nefndin ákvað að bregðast við strax voru


- Láta útbúa fatnað merktan Spretti.
- Búa til samráðsvettvang fyrir foreldra yngri barna.
- Reyna að fá vikulegan tíma í hvorri reiðhöll um sig sem ætlaður væri óöruggari knöpum og hafa kennara á gólfinu.
- Koma á fleiri sameiginlegum reiðtúrum.
- Búa til flokka fyrir minna vana unglinga og ungmenni á mótum félagsins, minna vön börn hafa haft sinn flokk.
- Hafa fjölbreytta viðburði bæði með og án hesta og fá inn fræðsluerindi.
- Hvetja stjórn til þess að ráðast í gerð Trek brautar, en slíkt var þegar í deiglunni.
- Síðast en ekki síst, stefna að ráðningu yfirþjálfara Sprettis og setja markmið um fjölbreyttari námskeið og skipulag til lengri tíma í senn. Þetta varð yfirmarkmið nefndarinnar og mikil vinna lögð í að koma þessu á laggirnar enda mikil margfeldisáhrif af því að hafa vel menntaðan reiðkennara með yfirgripsmikla þekkingu í brúnni.

Sum þessara markmiða náðust en önnur ekki. Ánægðastar erum við í nefndinni með að síðast markmiðið hafi náðst en betur verður gerð grein fyrir starfi vetrarins hér á eftir.

Útreiðartúrar

Farið var í æskulýðsreiðtúra þegar fór að vora. Reiðtúrarnir voru tvískiptir, fyrir hádegi fóru yngri Sprettarar og eftir pítsuveislu í reiðhöllinni lagði eldri hópurinn af stað. Hrafnhildur Blöndahl sem sér um félagshesthúsið í Spretti fylgdi hópunum til leiðbeiningar og öryggis. Fyrir hádegi voru knapar í fylgd með forráðamönnum en eftir hádegi voru knapar með meiri reynslu og fór þá Hrafnhildur ein með þeim ásamt fulltrúa frá æskulýðsnefndinni. Allt gekk mjög vel, veðrið lék við krakkana og gaman að fá tækifæri til að ríða út með nýjum félögum.

Ráðgerður var reiðtúr á fjörunum við Þorlákshöfn, hann auglýstur og vanur leiðsögumaður fenginn með. Veðrið setti hins vegar strik í reikninginn og var okkur eindregið ráðlagt frá því að fara vegna óheppilegra aðstæðna og brims. Þessi góða hugmynd er þó komin til að vera og verður reynt aftur í vor.



Fatnaður og fjáröflun

Æskulýðsnefnd Spretts samdi við 66° Norður um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á fatnaði merktum Spretti. Boðið var upp á að panta jakka og vesti í barna og fullorðinsstærðum. Einnig var í boði að panta húfur og eyrnabönd. Auk þess að bjóða Spretturnum tækifæri til að eignast fatnað merktan sínu félagi var salan fjáröflun fyrir æskulýðsnefndina og runnu tekjur af sölunni í það að efla krakkana í Spretti. Góð sala var af fatnaðinum og ágæt fjáröflun var fyrir unga fólkið. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við 66°Norður.



Fræðsla og uppbygging

Mikilvægur hluti fræðslustarfsins er að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla aldurshópa og ólík getustig. Vegna takmarkana og töluverðrar óvissu var þó minna um námskeiðahald en hugur stóð til.

Knapamerki

Bóklegt nám í knapamerkjunum var kennt í samstarfi við hestamannafélagið Fák og sá Sigrún Sigurðardóttir um kennsluna.

Fríða Hansen kenndi knapamerki 1, 2 og 3. Árný Oddbjörg Oddsdóttir kenndi knapamerki 4 og 5. Alls tóku 17 nemendur þátt í Knapamerkjunum og stóðu sig allir með prýði.

Pollanámskeið

Kennari: Hrafnhildur Blöndahl

Kennt var einu sinni í viku og lögð áhersla á kurteisi við hestinn, rétt taumhald, áseta og grunnábendingar svo sem að fara áfram, stoppa og beygja í gegnum ýmis konar leiki og fjör. Fyrir lengra komna polla var farið í gegnum undirstöðuatriði á tölti og brokki.



Þjálfun fyrir börn, unglinga og ungmenni

Kennari Árný Oddbjörg Oddsdóttir

Kennt var einu sinni í viku frá byrjun janúar 2021 til loka mars. Áherlsa var lögð á markvissa þjálfun á gangtegundum, gangskiptingar og fimíæfingar. 10 þátttakendur voru á þessu námskeiði.



Þjálfun og keppni

Kennari Rósa Birna Þorvaldsdóttir.

Námskeiðið hófst í mars og stóð fram í byrjun júní. Byrjað var inni í tveggja manna tímum þar sem farið var í ýmis undirbúningsatriði fyrir komandi keppnistímabil. Í maí var kennt úti á keppnisvelli í 20 mínútna einkatímum. Rósa leiðbeindi þátttakendum hvernig gott sé að stilla hestinum upp fyrir og í keppni, upphitun, beislabúnað, þyngingar og fleira.

Námskeið opin öllum félagsmönnum

Unglingar og ungmenni voru dugleg að sækja opin námskeið á vegum félagsins og má þar nefna helgarnámskeið með reiðkennurunum Þórarni Ragnarssyni, Gústaf Ásgeiri Hinrikssyni og Jóhönnu Margréti Snorradóttur. Ungmenni nýttu sér kennslu hjá Hinriki Sigurðssyni sem kenndi einu sinni í viku frá kl 9-15 og var það námskeið öllum opið.

Nú þegar nýtt starfsár er að hefjast eru unglingar skráðir á fyrstu námskeið vetrarins þ.m.t. framtamninganámskeið hjá Róberti Petersen og einkatíma hjá Árnýju Oddbjörgu Oddsdóttur.

Æskan og hesturinn

Þar sem til stóð að sýningin Æskan og hesturinn yrði haldin áformaði Sprettur að hafa undirbúningsnámskeið til að leggja drög að sýningum félagsins. Búið var að semja við tvo nema af öðru ári í Hólaskóla til að taka verkefnið að sér en hætt var við þegar ljóst var að ekkert yrði af sýningunni.



Unga fólkið í keppni



Í Spretti er fjöldinn allur af mjög áhugasömum ungum knöpum sem vilja sækja mót og leika innan félagsins. Við leitumst við að allir sem vilja taka þátt finni flokk við sitt hæfi og reynt er að koma til móts við alla. Sökum samkomutakmarkana þurfti því miður að fella oft niður mót vegna fjöldatakmarkana en undir vorið var farið að vera hægt að halda slíka viðburði og tóku þá ungir knapar við sér og mættu á brautina með hestana eftir þjálfun vetrarins.

Vetrarleikar og firmakeppni

Þrennir vetrarleikar voru haldnir, tvennir inni og einir úti. Firmakeppnin var einnig á sínum stað í apríl, að þessu sinni haldin úti á hringvellingum.

Sú nýbreytni var á vetrarleikum Sprettis og firmakeppninni að bjóða upp á flokka fyrir minna vana unglinga og ungmenni. Það hefur þótt skjóta skökku við að boðið sé upp á flokk fyrir minna vörn börn og fullorðna en unglingar og ungmenni hafi haft einn flokk. Keppendur voru skráðir til leiks í alla flokka svo þörfin var greinilega til staðar. Að sjálfsögðu voru pollarnir líka með, bæði þeir sem voru teymdir og þeir sem geta riðið sjálfir. Pollaflokkurinn var býsna fjölmennur svo við sprettarar eigum væntanlega marga efnilega knapa í barnaflokki í nánustu framtíð.~

Æfingamót fyrir gæðingakeppni

Þann 25. maí var haldið æfingamót í gæðingakeppni svo að knapar yngri flokka gætu undirbúið sig fyrir opið gæðingamót Spretts og Fáks sem haldið var þann 4. júní.

23 hestar voru skráðir til leiks í barnaflokki, unglingaflokki, B-flokki ungmenna og A-flokki ungmenna. Gæðingadómarinn Snorri Dal dæmdi knapana og fengu allir skriflega umsögn með ábendingum senda í tölvupósti. Að mótinu loknu söfnuðust knapar og foreldrar þeirra í veislusal Spretts og borðuðu pítu á meðan Snorri fjallaði almennt um gæðingakeppni og reglur hennar. Allir knapar höfðu svo tækifæri til að bera eigin umsagnir undir Snorra og fá frekari leiðbeiningar. Mótið var sérlega vel heppnað og jafnvel ástæða til þess að halda æfingamót í íþróttakeppni líka.

Reiðmennskubikar til yngri knapa

Ár hvert eru veitt verðlaun í minningu Jónínu í Topphestum en þau verðlaun eru veitt knapa í yngri flokkum sem mætir til keppni á vel hirtum hesti og sýnir góða reiðmennsku. Þessi verðlaun voru veitt í fjórða skipti í ár. Verðlaunin eru mikil hvatning fyrir börn til að leggja sig fram við að læra betri reiðmennsku og að vera til fyrirmyndar.

Bikarinn í ár hlaut Kristín Elka Svansdóttir.



Viðurkenning fyrir árangur í keppni

Barnaflokkur

Besti keppnisárangur í Barnaflokki 2020, stúlkur

- Elva Rún Jónsdóttir og Íslandsmeistari í Tölti barnaflokki 2020

Besti keppnisárangur Barnaflokki 2020, piltar

- Ragnar Bjarki Sveinbjörnsson




Unglingaflokkur

Besti keppnisárangur Unglingaflokki 2020, stúlkur

- Hulda María Sveinbjörnsdóttir

Besti keppnisárangur Unglingaflokki 2020, piltar

- Sigurður Baldur Ríkharðsson
- Hekla Rán Hannesdóttir Íslandsmeistari í Slaktaumatölti Unglingaflokki 2020



Ungmennaflokkur

Besti keppnisárangur í ungmennaflokki, stúlkur:

- Herdís Lilja Björnsdóttir, jafnframt Íþróttakona Spretts 2020

Besti keppnisárangur í ungmennaflokki, piltar:

- Hafþór Hreiðar Birgisson, jafnframt Íþróttamaður Spretts 2020



Félagshesthús

Sprettur hefur hesthús til umráða frá Kópavogsbæ, staðsett að Heimsenda 1. Hrafnhildur Blöndahl hefur verið umsjónarmaður hússins, en hún hefur lokið tveggja ára námi frá háskólanum á Hólum og hefur langa reynslu af hestamennsku.

Í félagshesthúsi Spretts fer fram starfsemi fyrir unga sprettara sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku en þessir krakkar eiga ekki endilega foreldra eða skyldmenni í hestamennsku. Í félagshesthúsinu læra þau að hafa hest á húsi þ.e.a.s.

Umhirðu s.s gjafir, hversu oft þarf að járna og hvað þarf að hafa í huga þegar hestur er



tekinn á hús. Þarna læra þau þá ábyrgð sem fylgir því að eiga hest og hvað þarf að gera svo hestinum líði vel. Einnig fylgir veru í félagshesthúsi mikill lærdómur í samvinnu og samkennd. Þar sem þessir knapar eru að stíga sín fyrstu skref er eðlilegt að óöryggi komi upp og þá er alltaf hægt að leita til umsjónarmanns hússins og fá ráðleggingar eða stuðning í reiðtúr.

Fimm knapar leigðu pláss í húsinu og reyndist Hrafnhildur þeim frábærlega, leiðbeindi þeim með umhirðu á hestum og umgengni í hesthúsinu. Mikilvægt er að bjóða upp á félagshús fyrir þau börn og unglinga sem ekki koma úr hestafjölskyldum og hafa því ekki sömu möguleika og þau sem alast upp í hestum. Stjórn Spretts stefnir á að bæta við fleiri plássum svo fljótt sem unnt er. Við teljum þetta mikilvægt skref til nýliðunar í hestamennskunni.



Ráðning yfirþjálfara

Eitt af þeim málum sem komu með áberandi hætti fram í könnuninni sem æskulýðsnefndin stóð fyrir síðastliðið haust, var að iðkun hestamennsku sé sambærileg iðkun annarra íþrótta í ýmis konar íþróttafélögum og starfsemi Spretts þurfi að hugsa með sambærilegum hætti þegar kemur að skipulagningu æfinga yngri flokka. Í því sambandi komu fram óskir um að félagið tæki þessi mál föstum tókum og myndi ráða til sín yfirþjálfara.

Æskulýðsnefndin hefur unnið að þessu mikilvæga máli allt árið, fundað með stjórn félagsins og fært fyrir því rök að þetta væri næsta skref í þeirri átt að vaxa sem íþróttafélag og liður í því að við náum að fanga unga sprettara í íþróttina.

Æskulýðsnefndin fundaði með formönnum æskulýðsnefnda og LH eftir landsþingið sl. haust og komu þar fram gagnlegar ábendingar sem studdu nefndina í ferlinu, einnig var haft samband við hestamannafélagið Sörla sem hefur rutt brautina varðandi málefni yfirþjálfara og ábendingar frá þeim nýttar við áætlunarvinnu. Á fundi stjórnar Spretts og æskulýðsnefndar snemma í haust var ákveðið að stíga þetta mikilvæga skref og starfslýsing í kjölfarið mótuð.

Starfslýsing

Sprettur leitast eftir að ráða til starfa yfirþjálfara til að hafa umsjón með námskeiðshaldi félagsins. Yfirþjálfari stýrir og hefur faglega umsjón með þjálfun félagsmanna. Yfirþjálfari starfar í samstarfi við framkvæmdastjóra, fræðslunefnd og æskulýðsnefnd félagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Gerð námskrár og skipulagning námskeiða barna og fullorðinna
- Verkefnastjórnun og samskipti vegna námskeiða og æfinga
- Skipulag og utenumhald á reiðtímum og reiðkennurum
- Skipulag auglýsinga og skráninga í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Öflun og afhending gagna sem skila þarf til opinberra aðila vegna starfssins
- Samskipti við foreldra og umráðamenn barna og unglunga félagsins
- Umsjón barna og unglunga fyrir mót félagsins, Íslandsmót, Landsmót og eftirfylgni á stærri mótum

- Markmiðasetning með börnum og unglingum félagsins

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði reiðmennsku og reiðkennslu auk reiðkennararéttinda
- Víðtæk reynsla af skipulagningu og framkvæmd á reiðkennslu
- Mikil skipulagsfærni og hæfni til að hafa góða yfirsýn yfir verkefni
- Reynsla af gerð námskrár
- Lipurð í samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð íslensku og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvufærni nauðsynleg og almenn þekking á samskiptamiðlum
- Krafa um hreint sakavottorð

Yfirþjálfari þarf að vera tilbúinn að skoða nýjar aðferðir, vera hvetjandi og sýna frumkvæði. Umsækjendur sem staðsettir eða eru starfandi á félagssvæði Spretts ganga fyrir vali í starf yfirþjálfara. Ráðning er endurskoðuð árlega og staðan þá auglýst.

Staðan var ekki auglýst í ár. Ákveðið var að prufukeyra verkefnið og fenginn var Sprettari



til að móta starfið fyrir félagið fyrsta veturinn. Gengið var til samninga við Þórdísi Önnu Gylfadóttur, sem uppfyllir allar þær kröfur er voru settar og hóf hún störf fyrir félagið þann 1. október síðastliðinn. Hugmyndin er svo að auglýsa starfið um mitt sumar 2022 og gefa áhugasömum kost á því að sækja um starfið.

Lokaorð

Árið var Spretti eins og flestum öðrum félögum mikil áskorun en einnig tækifæri til breytinga. Að fá raddir félagsmanna til að styðja við áform æskulýðsnefndar hefur orðið mikilvæg hvatning til að hrinda af stað nýju og metnaðarfullu skipulagi í hestamannafélaginu. Við trúum því að þau skref sem voru tekin muni leiða félagið í jákvæða átt að því að auka fjölbreytni dagskrár og námskeiða, leiða saman hópa með ólíkar þarfir innan félagsins og þjappa saman og efla það fjölbreytta samfélag sem svo stórt hestamannafélag er. Við förum full bjartsýni og tilhlökkunar inn í næsta tímabil.



Viðauki 1

Æskulýðsmál í Spretti 2020 - skýrsla

Æskulýðsmál 2020

8. DESEMBER

Niðurstöður könnunar
Æskulýðsnefndar Spretts



Til að veita félagsmönnum rödd og gefa þeim tækifæri á að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri ákvað æskulýðsnefndin að senda út könnun og kalla eftir samtali um skipulag og áherslur til vetrarins og framtíðar. Könnunin var kynnt og aðgengileg á heimasíðu og facebook síðu Spretts auk Sprettaraspjallsins og var opin á tímabilinu 29.10.2020 til miðnættis 9.11.2020. Einnig var óskað var eftir því að könnunin yrði send á alla félagsmenn í tölvupósti gegnum netfangalista Spretts. Allir félagsmenn voru hvattir til að taka þátt í könnunni en æskan var sérstaklega hvött til að taka þátt og koma skoðunum sínum á framfæri. Samtals bárust 39 svör við könnuninni.

Könnunin var nafnlaus og því er ekki hægt að rekja svör til þátttakenda. Niðurstöður könnunarinnar verða varðveittar um ótakmarkaðan tíma og verða nýttar til að bæta og efla félagsstarfið og forgangsraða málefnum nefndarinnar.

Bakgrunnsbreytur

Til að kanna bakgrunnsbreytur var spurt hvort svarandi væri:


- Barn sem stundar hestamennsku.
- Foreldri barns sem stundar hestamennsku.
- Unglingur eða ungmenni sem stundar hestamennsku.
- Unglingur eða ungmenni sem er hætt í hestamennsku.
- Foreldri unglings eða ungmennis sem stundar hestamennsku.
- Foreldri barns, unglings eða ungmennis sem er hætt í hestamennsku.
- Annað.

Einnig var spurt um aldur og hvort viðkomandi væri félagi í Spretti, með hesta í Spretti en ekki skráður félagi eða í öðru hestamannafélagi.

Hlutfall svarenda var skiptist þannig að tæp 44% voru börn, unglingar og ungmenni og rúm 56% foreldrar eða aðrir aðstandendur barna (sjá skiptingu nánar á skifuriti). Um 95% þeirra sem svöruðu eru skráðir í Spretti en 5% eru með hesta í Spretti en ekki skráðir í félagið.

Hvaða valmöguleiki á best við þig?

39 svör



Spurningar

Spurningar í könnuninni voru hafðar opnar til að gefa þátttakendum tækifæri á að koma skoðunum og hugmyndum á framfæri.

Könnunin innihélt eftirfarandi spurningar:

- Hvaða leiðir telur þú heppilegar til að auka samskipti milli barna, unglinga og ungmenna í Spretti?
- Hvers konar námskeið eða fræðslu myndir þú vilja að Sprettur bjóði upp á fyrir börn, ungmenni og unglinga? (endilega komið með fleiri en eina hugmynd).
- Hvernig viðburði myndir þú vilja sjá Sprett bjóða upp á fyrir börn, unglinga og/eða ungmenni? (endilega komið með fleiri en eina hugmynd, hugmyndirnar mega vera ólíkar eftir aldurshópum)
- Myndir þú vilja að félagið stæði betur að einhverjum málum varðandi börn, unglinga og ungmenni í Spretti? Ef já þá hverju?

Þátttakendum var einnig boðið að koma öðrum upplýsingum á framfæri í sérstökum textareit.

Niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar voru teknar saman og voru svör þátttakenda greind eftir spurningum og aldri þeirra til að kanna hug ólíkra aldurshópa. Í gegnum niðurstöður má sjá að ábendingar og hugmyndir sem upp komu varðandi æskulýðsstarfið voru yfirleitt mjög svipaðar eða sambærilegar. Þrátt fyrir að svörun hafi aðeins verið 39 talsins var mikill samhljómur í þeim og full ástæða til að skoða ábendingar vel. Margar eru þess eðlis að hægt er að framkvæma þær fljótt með tiltölulega auðveldum hætti og litlum tilkostnaði.

Heilt yfir voru þær ábendingar fyrirferðarmestar og lýstu ákveðinni þörf sem sneru að:

- *Heildstæðri stefnu og starfi í anda annarra íþróttafélaga, hafa yfirþjálfara og heildræna hugsun með fjölbreyttum leiðum til þjálfunar og markmiðssetningar.*
- *Þörf fyrir vettvang til að hittast og kynnast bæði með hesta og án. Sameiginlegir reiðtúrar voru mikið nefndir.*
- *Mikilli áherslu á keppni og keppnismennsku í starfi félagsins.*

Teknar voru saman þær hugmyndir sem fram komu og þeim raðað saman eftir aldri þátttakenda.

Spurt var hvaða leiðir væru heppilegar til að auka samskipti milli barna, unglinga og ungmenna í félaginu.

Frá börnum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Hittast reglulega, spjalla og borða eitthvað gott saman.
- Fara í reiðtúra.
- Fá fræðslu, námskeið eða aðra uppákomu.
- Hirða hesta saman.
- Fara í leiki og hafa fleiri uppákomur eins og búningaprautabrautina sem er um páskana.

Frá unglingum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Hafa hittinga og reiðtúra fyrir unglinga og unga sprettara.
- Hafa fleiri námskeið og fyrirlestra og nota samfélagsmiðla.
- Einnig kom fram hugmynd um að hafa minni mót en ekki er ljóst hvort ætti að hafa mót fyrir færri aðila eða fækka mótum.

Frá ungmennum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Hittast og hafa spila- námskeiðs- og fræðslukvöld.
- Fara saman í reiðtúra, grilla.
- Fara í hópferðir út á land og t.d. skoða ræktunarbú.

Frá fullorðnum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Notast Instagram og aðra samfélagsmiðla.
- Tengja foreldra yngstu barnanna saman á facebook.
- Vinna eins og önnur íþróttafélög með þjálfara og markmið yfir veturinn.
- Skemmtikvöld og hittingar t.d. með leikjum og pizzu, þar sem hugað er að fræðslu, samhugur eflur í stað keppnisbaráttu. Bæði með og án hesta.
- Aldursskipt opið hús, bjóða upp á efni tengt hestum sem vekur áhuga.
- Með námskeiðum, ferðalögum og keppni. Hafa meira félagslegt í kringum námskeiðin.
- Sameiginlegir reiðtúrar, jafnvel getuskiptir og enda saman t.d. í pizzu.
- Vera með trekk, hindrunarbraut og smala.
- Búa til vettvang fyrir rödd barna þar sem þau t.d. Ná eyrum stjórnar, barna- og unglingaráð.
- Opnir tímar fyrir krakka í höllinni, leiðbeinandi á gólfinu til aðstoðar.
- Hitta krakka úr öðrum félögum.
- Hafa áfram það sem hefur verið s.s. Páskabingó.
- Búa til Sprettarapeysur.
- Æfingabúðir eða námskeið með gistingu.
- Heimsókn á ræktunarbú.

Spurt var hvers konar námskeið fólk myndi vilja að Sprettur byði upp á fyrir börn, unglinga og ungmenni.

Frá börnum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Hvernig á að hugsa um hesta og hvað á að varast á reiðleiðum í umhverfinu.
- Skemmtinámskeið þar sem er fjör og gaman en líka smá fræðsla.
- Ferðir eða æfingabúðir.
- Læra um líffræði hestsins.
- Fá trek braut með öruggu undirlagi til að æfa sig.
- Námskeið hjá dýralækni um vellíðan hesta og hvernig hægt er að búa um sár, meðhöndla múkk og slíkt.
- Fimleika og bogfimi á hestum.

Frá unglingum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Námskeið fyrir þá sem eru að byrja eða að komast yfir hræðslu.
- Járninganámskeið.
- Keppnisnámskeið, líka fyrir minna vana. Hjálpa krökkum sem vilja keppa en hafa ekki keppnishross að finna tækifæri.
- Hindrunarstökksnámskeið.
- Fleiri almenn námskeið um þjálfun hesta og umhirðu.
- Sýnikennslu frá atvinnuknöpum.
- Vinna án taums eða með clicker.
- Hestanuddnámskeið.

Frá ungmennum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Ásetunámskeið.
- Sirkusnámskeið.
- Bogfimi á hestum.

- Keppnisnámskeið.
- Námskeið tengt fóðrun og hirðingu.
- Fortamninganámskeið eða folaldaskóli.
- Hvernig er best að þjálfra hestinn sinn, ekki endilega fyrir keppni.
- Læra að þekkja hestinn sinn betur.
- Bjóða upp á styttri námskeið og staka fyrirlestra.

Frá fullorðnum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Hópatímar fyrir börn og unglinga.
- Samfellt námskeið í hestamennsku yfir allan veturinn. Huga að fjölbreytni óháð keppni t.d. trek, umhirða, reiðtygi, reiðtúrar, leikir og fjör.
- Skipulögð heildræn þjálfun sett upp eins og aðrar íþróttir, reglulegar æfingar, sameiginlegir tímar og einkatímar.
- Hestamennska og öryggi.
- Ferðanámskeið.
- Fimi námskeið.
- Fóðrun.
- Vinna í hendi.
- Járningar.
- Tíma í reiðhöll aðeins fyrir ákveðna aldurshópa.
- Fyrirlestrar um þjálfun, bæði frá ungum knöpum og dómurum. Skipulögð fyrirlestraröð hugsuð sem heild. Til dæmis um að byggja upp hesta
- Keppnisnámskeið fyrir mislangt komna. Læra um leiðara.
- Skipulagðir reiðtúrar (þá væntanlega með kennara).
- Óhefðbundin námskeið s.s. bogfimi-, þrauta- og sirkusnámskeið.
- Setja upp æfingar fyrir skemmtidagskrá eins og Dymbilvikusýninguna (fleira en slaufureið).
- Byrjendanámskeið fyrir þau sem lítið kunna (óháð aldri) og getuskipt námskeið.
- Vinna með andlegu hliðina líka.
- Reiðnámskeið fyrir yngstu hópana yfir veturinn þar sem eru hestar til láns (s.s. reiðskóli að vetri).
- Hafa námskeið fyrir yngstu börnin í báðum hverfum til að auðvelda foreldrum að sækja þau.

Spurt var hvaða aðra viðburði fólk vildi að Sprettur myndi standa að fyrir börn, unglinga og ungmenni.

Ýmsar hugmyndir komu fram sem þegar höfðu verið nefndar í svörum varðandi samskipti og námskeið. Má þar nefna ýmskonar hittinga, spil, bingó og leiki og veitingar. Reiðtúrar eru líka mikið nefndir, tengjast krökkum úr öðrum félögum, gera Sprettsfatnað, fara í ferðir t.d. á ræktunarbú. Hér að neðan eru aðrar hugmyndir sem komu fram.

Frá börnum, unglingum og ungmennum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Horfa saman á hestamyndir (tengt kvöldvöku og hittingum).
- Hafa keppnir fyrir lítið vana og óvana þar sem vanir keppnisknapar með keppnishesta taka ekki þátt.
- Hafa alls konar öðruvísi keppnir t.d. með búningum. Þrautakeppni og sirkuskeppni og sem sýna samvinnu knapa og hests með hindrunum.
- Stofna hestaklúbb Spretts þar sem ýmislegt af þeim viðburðum sem hafa verið nefndir hér að ofan fer fram í.
- Hafa sýningar sem allir geta tekið þátt í.
- Gistinótt t.d. í Heiðmörk.

Frá fullorðnum komu eftirfarandi hugmyndir:

- Liðakeppni án hesta t.d. í sveitafitness.
- Krakkarnir skipuleggi viðburði sjálf.
- Diskótek.
- Reiðtygjagerð.
- Fá fyrirlesara frá Hólum, nemendur og kennara.
- Vera með svipað og töltgrúppuna nema fyrir börn og unglunga og setja upp sýningu.
- Hittast á undan t.d. Áhugamannadeildinni og fara saman, gera eitthvað skemmtilegt fyrst.
- Börnin fá að vera upphitunaratriði á undan t.d. Áhugamannadeild, hvetur líka bæði þau og foreldra þeirra til að koma.
- Vera með sér viðburði í höllinni þar sem krakkar sýna hvað þau hafa lært, eins og í öðrum íþróttum.
- Sameiginlegt skemmtimót með öðrum félögum á höfuðborgarsvæðinu, öðruvísi greinar s.s. hindrunarstökk og þrígangur. Aðallega til gamans.
- Árshátíð.
- Hestaskóli fyrir lítil börn, ekki bara vera á baki heldur líka umhirða og læra um hestana.

Spurt var að hverju Sprettur gæti staðið betur varðandi æskulýðsmál.

Þegar spurt var um að hverju Sprettur gæti staðið betur varðandi æskulýðsmál komu þar einnig fram hugmyndir sem höfðu komið fram hjá öðrum spurningum s.s. að búa til vettvang fyrir krakka til að hittast með fjölbreyttum hætti og einnig vettvang fyrir þau til að skipuleggja og koma hugmyndum sínum á framfæri. Hér má sjá aðrar ábendingar sem komu fram.

Ábendingar frá börnum:

- Tímar sem eru bara fyrir krakka í reiðhöllinni, hafa brokkspírur og slíkt uppi. Foreldrar mega vera inni en ekki á baki.
- Fjölgja keppnisflokkum.

Frá unglingum:

- Vera með yfirþjálfara.
- Meiri flokkaskiptingu á mótum.

Frá ungmennum komu athugasemdir sem áður höfðu komið fram varðandi skemmtanir og viðburði.

Frá fullorðnum:

- Sprettur setji skýra æskulýðsstefnu og stefnu til að stuðla að nýliðun.
- Ráða yfirþjálfara sem kennir, aðstoðar við markmiðssetningu og leiðbeinir um val á námskeiðum.
- Huga að og stuðla enn frekar að öryggismálum, t.d. varðandi akstur í hverfinu.
- Aðstoða börn sem eiga ekki foreldra í hestamennsku við að komast inn í hópinn.
- Aðstoða foreldra sem vilja styðja við barnið sitt sem vill byrja í hestamennsku.
- Efla nýliðun og félagsheshús enn betur.
- Hugsa starfið eins og almennt íþróttastarf.
- Virkja krakkana enn frekar í störfum fyrir félagið, s.s. í sjoppu.
- Eldri börn kenni þeim yngri.
- Gæta þess að öll börn, unglingar og ungmenni hafi vægi í félaginu hvort sem þau keppa eða ekki.

Að lokum var þátttakendum boðið upp á að koma með aðrar athugasemdir.

Hér komu fram einhverjar ábendingar sem höfðu komið fram áður, hér má sjá þær sem ekki höfðu komið fram hér að ofan.

Athugasemdir frá börnum voru:

- Búa til ýmislegt merkt Spretti t.d. peysur og boli.
- Vantar aðra reiðhöll.
- Búa til ævintýrabrautir svo það yrði enn skemmtilegra í reiðtúr.

Unglingar nefndu:

- Hafa hindrunarstökk í gerðum.

Ungmenni nefndu:

- Sprettur stendur sig vel
- Fleiri sameiginlega reiðtúra.

Fullorðnir nefndu:

- Betri umsjón og menntaðan reiðkennara í félagshesthús eins og í Fákí.
- Halda betur utan um börnin sem eiga ekki foreldra í hestum.
- Líta æskulýðsstarfið á breiðari grundvelli, skoða félagslega þætti og sjálfsstyrkingu.
- Ánægja með starfið í Spretti.
- Velja þjálfara sem eru góðar fyrirmyndir, ná vel til þeirra og hafa þarfir þeirra í huga.
- Gæta þess að gera ekki bara keppniskrökkum hátt undir höfði, verðlauna og hvetja fleiri t.d. fyrir félagsmál og leiðtogahæfni. Fyrir hvað vill félagið standa?
- Auglýsa námsskeiðsskipulag fyrr.
- Gera virkan póstlista fyrir foreldra þar sem kemur fram hvað er framundan og í boði.
- Krakkatíma í höll eða gerði þar sem ekki er verið að æfa á miklum hraða.

Samantekt

Eins og sjá má komu fram gríðarlega mikið af hugmyndum og ábendingum sem félagið getur tekið og nýtt sér í að byggja upp félagsstarfið þvert á nefndir og er æskulýðsstarfið þar engin undantekning. Mikið af þessum ábendingum og hugmyndum er hægt að framkvæma með auðveldum hætti og litlum tilkostnaði en öðrum þarf að forgangsraða og hægt að nýta sem langtíamarkmið. Æskulýðsnefndin mun fara yfir frekari samantekt á niðurstöðum og næstu skref á skipulögðum fundi stjórnar félagsins.

Viðauki I

Ábendingum og hugmyndum hefur verið raðað niður eftir áherslum nefnda (sem vinna þó oft saman) sem starfa fyrir félagið. Þá hefur þeim verið skipt upp í **langtíma** og **skammtíamarkmið**.

Stjórn í samvinnu við nefndir	Æskulýðsnefnd	Fræðslunefnd	Mótanefnd
Skipuleggja æskulýðsstarf eins og önnur íþróttafélög gera. Hafa yfirþjálfara.	Hittingar/fundir með og án hesta. Dagar eða kvöld. Aldursskipt. Bæði til að leika og fræðast. Hirða hesta saman. Spilakvöld.	Fræðslufundir á hittingum. Ungir duglegir knapar sem gætu náð til krakkanna. Dómarar spjalla við krakkana. Fyrirlestraröð hugsuð sem heild. Fræðsla frá kennurum og nemendum á Hólum.	Hafa minni mót.
Efla samvinnu en ekki harða keppnisbaráttu.	Skipulagðir reiðtúrar/Ævintýrareiðtúrar. Getuskiptir reiðtúrar en enda saman. Enda á grilli, pizzum eða kökum og kakó saman.	Yfirþjálfari og námskeið sem ná yfir allan veturinn. Skipulögð heildræn þjálfun, reglulegar æfingar sameiginlega og einkatímar. Námskeið þar sem krakkar læra að setja upp markvisst þjálfunarprógramm fyrir sig og hestinn sem þau geta fylgt sjálf.	Keppnir fyrir óvana og lítið vana. Mót fyrir óvana og lítið vana þar sem ekki má vera með vana keppnishesta.
Gera Sprettarafatnað og annað merkt Spretti (fjáröflunarpæling)	Hestaklúbbur m. Leikjum og fræðslu, útreiðum og slíku.	Æfingabúðir	Trekk keppni.
Gera Trek braut.	Þrauta og leikjadagar	Öryggistengd námskeið-hvað á að varast í umhverfinu, á reiðleiðum í hverfinu.	Keppni með hindrunum þar sem sýnd er samvinna knapa og hests.
Hafa tíma í höll/hólf/gerði bara fyrir vissa aldurshópa.	Tengja krakka saman með samfélagsmiðlum.	Skemmtinámskeið þar sem er fjör og gaman	Setja minna vana flokka í unglinga og ungmenni líka og hafa mjög skýrar reglur um hvaða flokki maður er í.
Gæta þess að námskeið fyrir yngstu börnin séu í báðum höllum því erfitt er að fara á milli með krakkana á veturna.	Ferðir út á land, t.d. skoða ræktunarbú.	Líffræði hestsins og uppruni hestsins. Námskeið hjá dýralækni hvernig hægt er að láta hestinum líða sem best og meðhöndla sár og múkk o.fl. Hestanuddnámskeið.	Skemmtimót fyrir yngri flokka á höfuðborgarsvæðinu þar sem er keppt t.d. í hindrunarstökki, þrígangi og fjölbreyttu, mest til að hafa gaman.
Betri umsjón með félagshesthúsi og	Trek braut, smali, hindrunarbraut.	Fimleika á hestum. Bogfimi á hestum.	

menntaðan reiðkennara, nefnt fyrirkomulagi í Fákí.		Sirkusnámskeið. Hindrunarstökksnámskeið. Trek námskeið.	
Halda betur utan um börn sem ekki eiga foreldra í hestum.	Búa til vettvang fyrir krakka þar sem þau ná til nefnda og stjórnar. Unglingaráð.	Námskeið til að komast yfir hræðslu. Byrjendanámskeið fyrir eldri óvana. Getuskipt námskeið.	
Líta æskulýðsstarfið á breiðari grundvelli en reiðfærni, líta til félagslegra þátta og sjálfsstyrkingar sbr. önnur íþróttafélög.	Tengja foreldra yngstu barnanna saman með facebook.	Járninganámskeið	
Þarf að endurhugsa æskulýðsstarf, keppniskrökkum gert of hátt undir höfði. Verðlauna fyrir leiðtoga og félagsmál.	Æfingar fyrir skiplagða dagskrá s.s. dymbilvikusýningu, slaufureið og ekki. Sýningar þar sem allir geta verið með sýningu.	Keppnisnámskeið Venjulegt og fyrir minna vana. Læra um leiðarana.	
	Pizzukvöld Kvöldvökur Kökur og kakó	Vinna í hendi fyrir yngri knapa.	
	Alls konar án hesta. Leikir, bingó, horfa saman á hestamynd, spilakvöld, þrautir án hesta s.s. pokahlaup. Sveitafitness með liðum t.d. hjólbörurallý. Diskótek.	Almenn námskeið um umhirðu og fóðrun. Að læra að þekkja hestinn sinn betur.	
	Búningakeppni þar sem keppt er í öðru en gæðinga- og íþróttakeppni, t.d. boðhlaupi og þrautakóng.	Sýnikennslu frá atvinnuknöpum.	
	Gistinótt.	Gefa skipanir án taums eða clicker námskeið.	
	Viðburður með krökkum úr öðrum félögum.	Ásetunámskeið.	
	Hittast á undan t.d. áhugamannadeildinni og „hita upp“ fara saman.	Fortamninganámskeið- folaldaskóli.	
	Börnin fá að hafa stuttar sýningar á undan t.d. áhugamannadeild, dregur líka foreldra þeirra og þau sjálf á deildina.	Almennt þjálfunarnámskeið, ekki endilega keppnismiðað.	

	Hafa sýningar eða viðburði í höllinni bara með börnum þar sem þau sýna það sem þau hafa lært, eins og í öðrum íþróttum.	Samfellt námskeið sem æfir hestamennsku og ýmislegt tengt.	
	Árshátíð yngri flokka.	Gerð reiðtygja.	
	Virkur póstlisti svo hægt sé að senda á foreldra og upplýsa um hvað er framundan og í boði.	Heildrænt námskeið, huga að andlegu hliðinni.	
		Reiðnámskeið fyrir ungstu hópana yfir veturinn þar sem hægt er að fá lánuð hross (s.s. reiðskóli á vetrartíma).	
		Svipuð hugmynd og töltgrúppan nema miðað að krökkum og gert þannig að þeim finnist það flott. Sýning.	
		Hestaskóli fyrir lítil börn þar sem þau eru ekki bara á baki heldur líka að hirða og læra um hross í umhverfinu.	
		Passa að velja þjálfara sem eru góðar fyrirmyndir, ná vel til barnanna og hafa þarfir þeirra í huga.	
		Auglýsa námskeið fyrir svo hægt sé að skipuleggja sig fyrir.	